



Reykjavík, 16.09.2026

Fundargerð 5. fundar Svæðisráðs Vestfjarðar, fjarfundur 16.09.2026 kl.13:00

Mætt:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ) formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) fulltrúi Strandabyggðar, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) fulltrúi Vesturbyggðar, Jón Páll Hreinsson (JPH) fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Katrín Pálsdóttir (KP) fulltrúi innviðaráðuneytis, Agnar Bragi Bragason (ABB) fulltrúi atvinnuvegaráðuneytisins og Magnús Guðmundsson (MG) fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Jóhann Birkir Helgason (JBH) fulltrúi Ísafjarðarbæjar boðaði seinkomu vegna annarra erinda en náði ekki að mæta.

Frá HMS: Ólafur Árnason (ÓÁ), Herdís Sigurgrímsdóttir (HSI) og Borghildur Sölvey Sturludóttir (BSS) sem ritaði fundargerð.

AÓ setti fundinn og var gengið til dagskrár.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum:

- 1) Mál nr. UUA2606010, dags.28.08.2026
Samræmi aukins eldis og stækkunar eldissvæða í Arnarfirði við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða dags. 03.06.2025
Álit um umhverfismat framkvæmdar, dags. 24.júlí 2026
Erindi Arnarlax, dags. 11.08.2026Minnisblað HMS, dags. 09.09.2026

1. Yfirferð á úrskurði ÚUA (mál nr. UUA2606010) vegna kæru Mílu, til upplýsingar.

Ólafur fór yfir forsögu og innihald úrskurðar ÚUA. Úrskurðurinn kallar á frekari rannsókn á áhættu og öryggi fjarskiptastrengsins, með hliðsjón af meðalhófi og sjónarmiðum Mílu. Aðalsteinn benti á þörf fyrir skýra mælikvarða og að reynsla Landsnets og Arnarlax sýndi að unnt væri að finna lausn.

Úrskurðarorðin:

Hafnað er ógildingu ákvörðunar Matvælastofnunar frá 11. maí 2026 um að endurnýja rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi í Arnarfirði FE-1105.

Matvælastofnun skal taka til efnislegrar meðferðar að nýju hvort strandssvæðisskipulag Vestfjarða girði fyrir að rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi í Arnarfirði FE-1105 verði endurnýjað vegna eldissvæðisins kennt við Tjaldaneseyrar.

2. Erindi Arnarlax til svæðisráðs/HMS vegna lífmassaukningar.

- a. Erindi Arnarlax, dags.
- b. Minnisblað HMS
 - Ásamt umfjöllunum um álit á umhverfismati framkvæmdar og frumkvæðis umsögn Skipulagsstofnunar frá 2025 um samræmi lífmassaukningar við strandsvæðisskipulag Vestfjarða.

Ólafur fór yfir erindi Arnarlax, málsmeðferðina og afstöðu HMS um að fyrirhuguð lífmassaukning samræmist ekki gildandi strandsvæðisskipulagi. Ráðið ræddi hvort breytingin teldist veruleg eða óveruleg, hvaða gögn og samráð þyrfti. Einnig var rætt um afmörkun breytingarinnar, bæði hvort hægt væri að fara í minni breytingu við Tjaldanes og einnig hvort ætti að nýta ætti tækifærið til víðtækari uppfærslu skipulagsins.

Niðurstaðan var að HMS óskaði eftir skýringum frá Arnarlaxi og tæki saman gögn og dæmi til undirbúnings ákvörðunar ráðsins á næsta fundi um umfang og málsmeðferð breytingarinnar.

3. Yfirferð á stöðu ýmissa frumvarpa sem varða strandsvæðisskipulag og framfylgd þess

Farið var yfir stöðu þriggja lagafrumvarpa sem varða strandsvæðisskipulag. Frumvarp um lagareldi hefur áður verið lagt fram en er ekki á þingmálaskrá. Ákvæði um vernd sæstrengja hefur verið gert að sérstöku máli á þingmálaskrá 158. löggjafarþings. Áætlað er að það verði lagt fram í febrúar. Til undirbúnings er áformað víðtækara samráð. (sjá 3. lið og 12. lið í málum innviðaráðherra í þingmálaskrá <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/#innvidaradherra>). Frumvarp um leiðarmerki og öryggi siglinga (þingskjal 968 – 570 mál) er fyrir Alþingi og gert er ráð fyrir afgreiðslu þess. Jafnframt voru boðaðar lagabreytingar til að skýra heimildir til áhættumats vegna snjóflóðahættu á eldissvæðum, meðal annars með tilliti til öryggis starfsfólks og hættu á slyasleppingum. [Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum o.fl. | Ferill þingmáls | Alþingi](#)

4. Vöktunaráætlun vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða

Formaður leggur til að erindið verði ítrekað – og að ráðið ásamt HMS sendi nýtt bréf á Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, og afrit á Innviðaráðuneyti, Atvinnuvegaráðuneytið og Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið.

5. Tímasetning og efni næsta fundar

Áætlað er að næsti fundur verður haldinn **þriðjudaginn 6. október kl. 13:00** sem fjölfundur. Erindi Arnarlax (*Erindi Arnarlax*, dags. 11.08.2026) verður eina málið á dagskrá næsta fundar. HMS mun taka saman dæmi um verulegar og óverulegar skipulagsbreytingar og kynna þær á fundinum.

6. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi var slitið kl. 14:40.

Undirritunarsíða

Aðalsteinn Óskarsson

Hafdís Sturlaugsdóttir

Magnús Guðmundsson

Agnar Bragi Bragason

Katrín Pálsdóttir

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Jón Páll Hreinsson